

Sunnudagur 20. ágúst

DV



SJÓNTARPIÐ

- 17.50 **Sunnudagshugvekja.** Haraldur Ólafsson lektor.
- 18.00 **Sumarglugginn.** Umsjón Arný Jóhannsdóttir.
- 18.50 **Táknmaífréttir.**
- 19.00 **Við feðginin.** (Me and My Girl). Ný þáttaröð um bresku feðginin, ættingja þeirra og vini en fólk þetta skemmti sjónvarpsáhorfendum fyrir nokkru. Þýðandi Þrándur Thoroddsen.
- 19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
- 20.35 **Fjarkinn.** Dregið er úr innsendum miðum í happdrætti Fjarkans.
- 20.40 **Ugluspeggil.** Umsjón Helga Thorberg.
- 21.20 **Af tíðindum í tveimur borgum** (A Tale of Two Cities) – annar þáttur. Bresk/franskur myndaflokkur í fjórum þáttum gerður eftir samnefndri sögu Charles Dickens. Leikstjóri Philippe Monnier. Aðalhlutverk James Wilby, Xavier Deluc og Serena Gordon. Sagan hefst í Bretlandi árið 1789 um líkt leyti og stjórnbreytingin á sér stað í Frakklandi. Ungur lögfræðingur verður ástfanginn af gífri konu en ást hans er ekki endurgöldin. Þegar eiginmaður hennar tekur þá áhættu að snúa heim til Frakklands og verja heiður ættar sinnar gefst unga manninum óvænt tækifæri til að sanna ást sína. Þýðandi Veturliði Guðnason.
- 22.15 **Geðlækningar í Sovétríkjunum** (Inside Soviet Psychiatry). Bresk heimildarmynd um aðbúnað og meðferð fólks á sovískum geðsjúkrahúsum. Þýðandi Trausti Júlíusson.
- 22.55 **Útvarpsfréttir** í dagskrárlök.



STÖÐ 2

- 9.00 **Alli og íkomarnir.** Alvin and the Chipmunks. Teiknimynd.
- 9.25 **Amma í garðinum.** Amma Gebba býr í skýrnu húsi með skýrnum garði. Þar er oft glatt á hjalla og margt skemmtilegt getur gerst. Leikendur: Saga Jónsdóttir, Guðrún Þórðardóttir, Elfa Gísladóttir, Eyþór Arnason og Júlíus Brjánsson.
- 9.35 **Litli íolinn og félagar.** My Little Pony and Friends. Falleg og vonduð teiknimynd með íslensku tali.
- 10.00 **Selurinn Snorri.** Seabert. Teiknimynd með íslensku tali.
- 10.15 **Funi.** Wildfire. Teiknimynd um litlu stúlkuna Söru og hestinn Funa.
- 10.40 **Þrumukettir.** Thundercats. Teiknimynd.
- 11.05 **Köngulóarmaðurinn.** Spiderman. Teiknimynd.
- 11.25 **Tinna.** Punky Brewster. Leikin barnamynd.
- 11.45 **Albert félli.** Fat Albert. Teiknimynd með Albert og öllum vinum hans.
- 12.10 **Óháða rokkid.** Tónlistarþáttur.
- 13.10 **Mannlíkaminn.** Living Body. Einstaklega vandaðir þættir um mannslíkamann. Endurtekið.
- 13.40 **Stríðsvindar.** North and South. Framhaldsmynd sem byggð er á metsölubók Johns Jake. Þriðji af sex í seinni hluta þáttanna. Aðalhlutverk Kristie Alley, David Carradine, Philip Casnoff, Mary Crosby og Lesley-Ann Down.
- 15.15 **Getraunapáttaröð.** The Game Show Biz. Spurningaleikir hafa löngum verið vinsælir í bandarísku sjónvarpi enda oft um svimandi peningaupphæðir að tefla og ekki óalgengt að sigurvegarnir gangi berserksgang í beinni útsendingu. Í þættinum fáum við að kynnst baksviði spurningaleikjanna.
- 16.05 **Framtíðarsýn.** Beoynd 2000. Ótrúlegustu hugleiðingar um hvað framtíðin gæti borið í skauti sér.
- 17.10 **Listamannaskálinn.** South Bank Show. Í þessum þætti fáum við að kynnst list frumþýggja Ástralíu.
- 18.05 **Golf.** Sýnt verður frá alþjóðlegum stórmótum.
- 19.19 **Fréttir.** Íþróttir, veður og frísklegu umfjöllun um málefni lífandandi stundar.
- 20.00 **Svaðillarir í Suðurhólum.** Tales of the Gold Monkey. Ávintýrlegur og spennandi framhaldsmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk: Stephen Collins, Caitlin O'Heaney, Roddy McDowall og Jeff Mackay.
- 20.55 **Lagt í ann.** Guðjón Arngírmsson bregður sér á bak og ríður út við Laugarvatn og nágrenni.

- 21.25 **Auður og undirferli.** Gentlemen and Players. Fjórir þáttir af sjö. Aðalhlutverk Brian Prothero, Nicholas Clay og Claire Oberman.
- 22.15 **Að tjaldabaki.** Backstage. Meiri háttar þáttur um allt það nýjasta sem er að gerast í ævintýraheimi kvikmyndanna og fræga fólksins. Fylgist þú með?
- 22.45 **Verðir laganna.** Hill Street Blues. Spennuþættir um líf og störf á lögreglustöð í Bandaríkjunum. Aðalhlutverk: Michael Conrad, Daniel Travanti og Veronica Hamel.
- 23.30 **Líf Zapata.** Viva Zapata. Í myndinni er saga Zapata rakin frá því hann var á unglingsaldri og stýrði sendinefnd til Mexíkóborgar til að mótmæla stuldi á landi fólks síns. Síðar var hann gerður útlægur en eftir það gerðist Zapata skáculíðaforingi og steypti stjórn Díaz af valdastóli. Aðalhlutverk: Marlon Brando, Anthony Quinn og Jean Peters. Leikstjóri: Elia Kazan.

RÁS 1
FM 92.4/93.5

- 7.45 **Útvarp Reykjavík,** góðan dag.
- 7.50 **Morgunandakt.** Séra Ingiberg J. Hanneason prófastur á Hvöli í Saurbæ flytur ritningarorð og bæn.
- 8.00 **Fréttir.** Dagskrá.
- 8.15 **Veðurfregnir.** Tónlist.
- 8.30 **Á sunnudagsmorgni.** með Guðmundi Benediktssyni ráðuneytisstjóra. Bernharður Guðmundsson ræðir við hann um guðspjall dagsins. Lúkas 10, 23–37.
- 9.00 **Fréttir.**
- 9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni** – Rameau, Couperin, Leclair og Bach.
- 10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfregnir.**
- 10.25 **Sittihvað af sagnaskemmtun miðalda.** Þriðji þáttur. Umsjón: Sverrir Tómasson. Lesari: Bergljót Kristjánsdóttir.
- 11.30 **Messa á Hólahátíð þann 13. ágúst.** Biskup Íslands, herra Ólafur Skúlason prédikar. Séra Sigurður Guðmundsson vigslubiskup, séra Hannes Örn Blandon, séra Ingimar Ingimarsson og séra Ólafur Hallgrímsson þjóna fyrir altari. Kirkjukór Hvamstanga syngur. Organisti: Helgi S. Ólafsson.
- 12.10 **Dagskrá.**
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
- 13.30 **Íslendingadagurinn í Kanada.** Fyrri hluti dagskrár sem Jónas Þór tekur saman, í tilefni þess að fyrr í mánuðinum var Íslendingadagurinn haldinn hátíðlegur í hundraðasta sinn.
- 14.30 **Með sunnudagskaffinu.** Sigild tónlist af léttara taginu.
- 15.10 **Í góðu tómi.** með Hönnu G. Sigurðardóttur.
- 16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfregnir.**
- 16.20 **Með mannabein í maganum.** Jónas Jónasson um borð í varðskipinu Tý. (Einnig útvarpað næsta þriðjudag kl. 15.03.)
- 17.00 **Frá tónlistarhátíðinni í Dresden 21. maí í fyrra.**
- 18.00 **Kyrrstæð lægð.** Guðmundur Einarsson rabbar við hlustendur.
- 18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.30 **Tilkynningar.**
- 19.31 **Söngleikar.** Tónleikar í tilefni af 50 ára afmæli Landssambands blandaðra kóra 5. nóvember sl. Fimmti og síðasti hluti: Kór Landssambandsins syngur verk eftir Hjámar H. Ragnarsson og Pál Ísólffson. Kynnir: Anna Ingólfssdóttir.
- 20.00 **Sagan:** Búrið eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur. Höfundur les (2.) (Áður á dagskrá 1983.)
- 20.30 **Íslensk tónlist.**
- 21.10 **Kvikjé.** Umsjón: Freyr Þor-móðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá fimmtudegi.)
- 21.30 **Útvarpsagan:** Vörnin eftir Vladimir Nabokov. Illugi Jökuls-son les þýðinu sína (2.)
- 22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.15 **Veðurfregnir.**
- 22.20 **Harmónikupáttur.** Umsjón: Högni Jónsson. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 14.05)
- 23.00 **Mynd af orðkera** – Geirlaugur Magnússon. Friðrik Rafnsson ræðir við rithöfundinn um skáldskap hans.
- 24.00 **Fréttir.**
- 00.10 **Sigild tónlist í helgarlok** – Schumann og Mendelssohn.
- 01.00 **Veðurfregnir.**
- 01.10 **Næturútlit á báðum rásum til morguns.**

RÁS 8
FM 90.1

- 8.10 **Áfram Ísland.**
- 9.03 **Sunnudagsmorgunn með Sva-**

vari Gests. Sigild dægurlög, fróðleiksmolar, spurningaleikir og leitað fanga í segulbandasafni Útvarpsins.

- 11.00 **Úrval.** Úr dægurmálaútvarpi vikunnar á Rás 2. Umsjón: Sverrir Gauti Diego.
- 12.20 **Hádegisfréttir.**
- 12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.
- 13.00 **Eric Clapton og tónlist hans.** Skúli Helgason rekur tónlistarferil hans í tali og tónum. (Einnig útvarpað aðfaranótt föstudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 14.00 **Í sólskinsskapi.** – Áslaug Dóra Eyjólfssdóttir.
- 16.05 **Woody Guthrie,** hver var hann? Annar þáttur. Umsjón: Magnús Þór Jónsson. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri)
- 19.00 **Kvöldfréttir.**
- 19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Í ljósinu.** Bandarísk sveitatónlist.

- 21.30 **Kvöldtónar.**
- 22.07 **Á elleftu stundu.** Áslaug Dóra Eyjólfssdóttir í helgarlok.
- 01.00 **Næturútlit á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00, 24.00.

NÆTURÚTLIT

- 01.00 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
- 02.00 **Fréttir.**
- 02.05 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Endurtekinn frá miðvikudagskvöldi á Rás 1.)
- 03.00 **Rómantíski róbotinn.**
- 04.00 **Fréttir.**
- 04.05 **Næturmótur.**
- 04.30 **Veðurfregnir.**
- 04.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi á Rás 1 kl. 18.10)
- 05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
- 05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.** Endurtekinn sjómannapáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt.

Bylgjan
98.9

- 9.00 **Haraldur Gíslason.** Hlustendur vaktir með ljúfum tónum og Halli spilar örugglega óskalagið þitt. 61-11-11, hringdu bara.
- 13.00 **Óakveðin ennpá.**
- 19.00 **Snjóflutur Teitsson.** Sérvalin tónlist með grillinu.
- 20.00 **Pia Hanson.** Þá er vinnuvikan framundan og stressið en Pia Hanson undirbýr ykkur með góðri tónlist.
- 24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.



- 9.00 **Sigurður Hilóversson** – Fjör við tóninn. Siggi fer fyrstur á fætur á sunnudögum spilar eldhressa tónlist frá öllum fimur fyrir börn, unglinga, konur og karla. Siggi Hilóvers er mikið fyrir simann og því um að gera að hringja í síma 681900.
- 13.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Yndisleg ný tónlist, fólk í spjalli og uppákomur sem koma jafnvel stjórnanda þáttarins á óvart. Þáttur fyrir alla fjölskylduna.
- 17.00 **Sagan á bak við löginn** – Helga Tryggvadóttir og Þorgeir Ástvaldsson skyggjast á bak við sögu frægustu popplaga allra tíma og þar kemur ýmislegt fróðlegt í ljós.
- 18.00 **Kristófer Helgason** kannar hvað kvikmyndahúsin hafa upp á að bjóða, spilar tónlist sem hægt er að grilla við og fleira. Svo er þilturinn alltaf í símanum!
- 24.00 **Næturvakt Stjörnunnar.** Fréttir á Stjörnunnar eru sem hér segir: klukkan 8, 10, 12, 14, 16 og 18. Stjórnskot – eins og skot. Klukkan 9, 11, 13, 15 og 17 (grín, léttleiki, frásagnir af fréttamönnum atburðum í Stjórnudúr, þ.e.s. althvað sem lætur öðruvísi í eyrum um menn og málefni).



- 7.00 **Stefán Baxter.** „Ó-þunnur“.
- 12.00 **Ásgeir Tómasson.**
- 15.00 **Felix Bergsson.**
- 18.00 **Klemens Árnason.**
- 22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
- 1.00 **Páll Sævar Guðnason.**



- 10.00 **Sigildur sunnudagur.** Leikin klassísk tónlist. Jói Rúnar Sveinsson og Ragnheiður Hrónn Björnisdóttir.
- 12.00 **Jazz & blús.** Gisli Hjaltason.
- 13.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur í umsjá Sigurðar Ivarssonar. Nýtt rokk úr öllum heimsálfum.
- 15.00 **Poppmessa í G-dúr.** Umsjón: Jens Kr. Guð.
- 17.00 **Ferill og „FAN“.** Baldur Bragason og Ólafur Páll Sigurðsson.
- 19.00 **Guðlaugur Harðarson.**
- 20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Dags og Daða.
- 21.00 **Múverk.** Tónlistarþáttur í umsjá Árna Kristinssonar.
- 23.30 **Rótardraugar.**
- 24.00 **Næturvakt.**



- 5.00 **The Hour of Power.** Trúarþáttur
- 6.00 **Grínójan.** Barnaefni.
- 10.00 **Íþróttapáttur.** Kappakstur.
- 11.30 **Tiskupáttur.**
- 12.00 **Marathon.** Kvikmynd.
- 14.00 **Beyond 2000.** Vísindapáttur.
- 15.00 **Big Valley.** Vestrabáttur.
- 16.00 **Joannie Loves Chachi.** Gamanþáttur.
- 16.30 **Eight Is Enough.** Gamanþáttur.
- 17.30 **Fantasy Island.** Ávintýrabáttur.
- 18.30 **Family Ties.** Gamanþáttur.
- 19.30 **Holocaust.** Minisería.
- 22.00 **Entertainment This Week.** Fréttir úr skemmtanaíðnaðinum.




- 13.00 **Treasure Island.**
- 14.35 **King of the Beasts.**
- 15.00 **Crystalstone.**
- 17.00 **Project X.**
- 19.00 **The Hijacking of Achille Lauro.**
- 21.00 **Heat.**
- 23.00 **Monty Python's Life of Brian.**
- 00.35 **The Hitchhiker.**
- 01.00 **Meatballs.**
- 03.00 **The Hijacking of Achille Lauro.**



- 9.30 **Sund.** Frá Evrópumeistaramótinu í Bonn.
- 10.30 **Trans World Sport.** Fréttatengdur íþróttapáttur.
- 11.30 **Skíði.** Heimsmeistarakeppnin. Keppni kvenna í Argentínu.
- 12.30 **Showjumping.** Evrópumeistarakeppni í Rotterdam.
- 13.30 **Frjálsar íþróttir.** Yfirlit yfir stöðu í Grand Prix stigakeppninni.
- 14.30 **Hjólreiðar.** Frá meistarakeppni í Lyons.
- 15.30 **Eurosport Menu.**
- 16.00 **Hjólreiðar.** Undirbúningur að Grand Prix keppni í Zurich.
- 17.00 **Sund.** Frá Evrópumeistaramótinu í Bonn.
- 18.00 **Skíði.** Heimsmeistarakeppnin. Svig og stórsvigr karla í Ástralíu.
- 19.00 **Showjumping.** Evrópumeistarakeppni í Rotterdam.
- 20.00 **Frjálsar íþróttir.** Grand Prix stigamót í Köln.
- 21.00 **Hjólreiðar.** Frá meistarakeppni í Lyons.
- 22.00 **Sund.** Frá Evrópumeistaramótinu í Bonn.



- 5.00 **Teiknimyndir.**
- 9.00 **Evrópulístin.** Poppþáttur.
- 10.00 **Tiskupáttur.**
- 10.30 **Heimildarmynd.**
- 11.00 **Trúarþáttur.**
- 11.30 **Blake's Seven.** Vísindaskáldskapur.
- 12.30 **Dundee and the Culhane.**
- 13.30 **Euro Magazine.**
- 13.45 **Tónlist og tíska.**
- 15.30 **Veröldin á morgun.**
- 16.00 **European Business Weekly.** Viðskiptapáttur.
- 16.30 **Roving Report.** Fréttaskýringaþáttur.
- 17.00 **Poppþáttur.**
- 18.00 **Breski vinsældalistinn.**
- 19.00 **Shoestring.** Sakamálaþáttur.
- 20.00 **Legend of Walks Far Woman.** Kvikmynd.
- 22.30 **Tíska og tónlist.**



Meðal atriða í Sumarglugganum eru tveir stuttir leikþættir sem börn af barnaheimilinu Valhöll sýna.

Sjónvarp kl. 18.00:

Sumarglugginn

Í Sumarglugganum í dag segir Árni Blandon söguna af Hans klaufa. Þá sýna börn af barnaheimilinu Valhöll tvö lítil leikrit: Þyrnirósu og En hvað það var skrytið. Paddington kemur öllum í gott skap eins og venjulega og að venju eru nokkrar teiknimyndir. Þær eru: Ungfrúarnar, Tuskuðökkurnar, Litla vélmennin og Rottuskotturnar. Teikningar sem börn hafa sent verða einnig í þættinum. Umsjónarmaður Sumargluggans er Arný Jóhannsdóttir en stjórn upptöku annast Eggert Gunnarsson.

Stöð 2 kl. 15.15:


Getraunapáttaröð

Við Íslendingar erum enn á byrjendastigi hvað varðar getraunapætti. Nokkrir slíkir þættir hafa litið dagsins ljós en enginn er orðinn varanlegur á dagskrá sjónvarpsstöðvanna. Þeir sem ferðast hafa til Bandaríkjanna hafa örugglega séð einhvern getraunapætt en allar stóru stöðvarnar þar eru með að minnsta kosti þrjá slíka í gangi og hafa margir þeirra gengið í mörg ár.

Í þættinum Getraunapáttaröð sem er á dagskrá Stöðvar 2 í dag er skyggst bak við tjöldin við gerð slíkra þátta og sýnd nokkur sköndin atriði. Þá er einnig sýnt hvernig þátttakendur eru valdir hverju sinni, en mjög mikil ásókn er hjá almenningi að komast í þessa þætti því það er hæglega hægt að verða ríkur ef heppnin er með.

Eins og áður sagði hafa sumir þættirnir verið árum saman á sama tíma á dagskrá sjónvarps í Bandaríkjunum. Verða sýnd atriði frá upphafstímum slíkra þátta og hvernig þeir þróuðust í að verða eitt alvinsælasta sjónvarpsefnið.

-HK



Selurinn Snorri lendir í mörgum ævintýrum í þáttaröð um hann sem sýnd er á sunnudagsmorgnum á Stöð 2.

Stöð 2 kl. 10.00:

Selurinn Snorri

Ein þeirra mörgu teiknimynda sem sýndar eru á Stöð 2 á sunnudagsmorgnum er teiknimyndasería um selinn Snorra. Snorri er íslenskur börnsmáttur að góðu kunnur því hann hefur áður komið út í bókformi.

Í þættinum í dag er Snorri ásamt vinum sínum óvart laumufarþegi um borð í skipi sem stjórnað er af smygilurum. Smygilarnir uppgötva einn af félögum Snorra og ná honum. Það eru því góð ráð dýr og reynir nú á ráðsnilld Snorra...

Rás 1 kl. 13.30:

Íslendingadagurinn í Kanada

Fyrri hluti dagskrár, sem Jónas Þór tekur saman um Íslendingadaginn í Kanada, verður á dagskrá í dag. Lesari er Jakob Þór Einarsson. Íslendingadagurinn er haldinn hátíðlegur í Kanada 2. ágúst ár hvert og í þetta skiptið var haldið upp á hann í hundraðasta skiptið.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, tók þátt í hátíðahöldunum að þessu sinni. Í tveim sunnudagsþáttum rekur Jónas Þór sögu dagsins. Í fyrri þættinum segir fyrst frá aðdraganda vesturferða Íslendinga og upphafi búsetu þeirra í Vesturheimi. Segir síðan allitarlega frá hátíðinni fyrir réttum hundrað árum. Í síðari hluta, sem er á dagskrá næstkomandi sunnudag á sama tíma, verður svo sagan rakin til dagsins í dag og þær breytingar sem orðið hafa í tíðans rás.